



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

15. nóvember 2012

Niðurstöður athugunar á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. hjá Straumi fjárfestingabanka hf. og Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á framkvæmd lokaðs útboðs á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. sem fram fór dagana 23. til 25. október 2012, á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Tekið skal fram að athugunin beindist eingöngu að framkvæmd hins lokaða útboðs. Almenn (opin) útboð á hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hf. fór fram dagana 30. október til 2. nóvember 2012.

Í kjölfar ábendinga sem bárust eftirlitinu varðandi útboðið, fóru fulltrúar þess á vettvang og öfluðu gagna þann 29. október 2012 hjá umsjónaraðilum útboðsins, Straumi fjárfestingabanka hf. og Íslandsbanka hf. Frekari gagnaöflun átti sér stað hjá framangreindum aðilum eftir því sem athuguninni vatt fram, en jafnframt var aflað gagna hjá aðilum sem Fjármálaeftirlitið taldi geta veitt upplýsingar og gögn um málið.

Fjármálaeftirlitið hefur lokið athuguninni og fann ekki dæmi þess að viðskipti hafi verið framkvæmd á grundvelli innherjaupplýsinga.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á mikilvægi þess að þátttakendum í lokuðum útboðum sé gert ljóst fyrirfram um takmarkanir og skilmála, t.d. hvort fyrirvarar við tilboð séu heimilaðir. Slíkt treystir tiltrú fjárfesta á að allir sitji við sama borð og er í samræmi við góða viðskiptahætti. Ákvæði VI. kafla laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, gilda eingöngu um almenn (opin) útboð verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta og reynir þar af leiðandi enn frekar á að eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur séu virt við framkvæmd lokaðra útboða.